



Ungmennasamband
Vestur-Skaftafellssýslu

Ársskýrsla 2025



Efnisyfirlit

3.....	Stjórn USVS
4.....	Viðurkenningar
5-7.....	Ávarp formanns
8-14.....	Ársreikningur
15.....	Svæðisfulltrúar íþróttahéraða
16-17.....	Fréttapunktur ÍSÍ
18-21.....	Fréttapunktur UMFÍ
22.....	Mót UMFÍ sumarið 2026
23.....	Skýrsla: Golfklúbburinn Vík
24.....	Skýrsla: Hestamannafélagið Kópur
25.....	Skýrsla: Hestamannafélagið Sindri
26-29.....	Skýrsla: Ungmennafélagið ÁS
30-33.....	Skýrsla: Ungmennafélagið Katla

Þinggögn



Ársskýrsla 2025:

Umsjón með útgáfu og hönnun: Sigurður E. Sigurjónsson

Prófarkalestur: Stjórn USVS

Prentun: Pixel

Myndir: Sigurður E. Sigurjónsson, UMFÍ, ÍSÍ og formenn aðildarféлага

Forsíða: Keppendur USVS á Unglingalandsmóti og Smábæjaleikum sumarið 2025

Stjórn USVS:



Formaður:

Jóhann Bragi Elínarson
Meðstjórnandi 2025, formaður frá nóvember 2025.




Ritari:

Fanney Ólöf Lárusdóttir
Ritari frá 2025. Meðst. 2023-2024. Varamaður 2019-2022.



Gjaldkeri:

Árni Jóhannsson
Gjaldkeri frá 2020.



Meðstjórnandi:

Unnur Blandon
Meðstjórnandi frá 2025.



Meðstjórnandi:

Rannveig Ólafsdóttir
Meðstjórnandi frá 2025.



Varamaður:

Þuríður Lilja Valtýsdóttir
Varamaður frá 2023.



Varamaður:

Sabina Victoria Reinholdsdóttir
Varamaður frá 2022.



Framkvæmdastjóri:

Sigurður E. Sigurjónsson
Framkvæmdastjóri frá 2026

Viðurkenningar

Starfsmerki UMFÍ

Þorsteinn Gíslason 1973
 Skúli Oddsson 1979
 Sæmundur Runólfsson 1990
 Guðni Einarsson 1990
 Páll Pétursson 1992
 Sigmar Helgason 1993
 Haukur Valdimarsson 1994
 Þorgerður Einarsdóttir 1997
 Elín Einarsdóttir 2002
 Sveinn Pálsson 2005
 Sædís Íva Elíasdóttir 2005
 Guðný Sigurðardóttir 2006
 Steina Harðardóttir 2007
 Ólöf Ragna Ólafsdóttir 2010
 Petra Kristín Kristinsdóttir 2011
 Ragnheiður Högnadóttir 2011
 Kristín Ásgeirsdóttir 2012
 Kristín Ragnarsdóttir 2013
 Guðmundur Pétur Guðgeirsson 2013
 Pálmi Kristjánsson 2015
 Stefán Jónsson 2018
 Linda Agnarsdóttir 2018
 Vigfús Hróbjartsson 2018
 Vilborg Smáradóttir 2018
 Lára Oddsteinsdóttir 2021
 Sveinn Þorsteinsson 2021
 Þorsteinn Matthías Kristinsson 2021

Starfsmerki UMFÍ

Eva Dögg Þorsteinsdóttir 2022
 Fanney Ólöf Lárusdóttir 2022
 Kristín Lárusdóttir 2022
 Erla Þórey Ólafsdóttir 2023
 Ragnar Sævar Þorsteinsson 2023
 Sæunn Káradóttir 2023
 Sif Hauksdóttir 2025
 Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson 2025

Gullmerki UMFÍ

Finnur Ingólfsson 1977
 Sæmundur Runólfsson 2015
 Sigmar Helgason 2022
 Ragnheiður Högnadóttir 2025

Silfurmerki ÍSÍ

Árni Böðvarsson 1996
 Páll Pétursson 1996
 Haukur Valdimarsson 1996
 Guðni Már Sveinsson 1997
 Sædís Íva Elíasdóttir 2007
 Þorgerður Einarsdóttir 2007
 Sigmar Helgason 2023
 Sveinn Þorsteinsson 2023

Skýrsla stjórnar

Ávarp formanns USVS

Að baki er viðburðaríkt starfsár hjá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu. Mikil virkni var í starfinu og sýnir það sig til að mynda vel í fjölda stjórnarfunda sem voru alls 11 á starfsárinu.

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að virkja heimasíðu sambandsins að nýju sem hafði legið niðri sem og netfangið usvs@usvs.is. Þáverandi formaður USVS, Sunna Wíium, sótti vofund UMFÍ að Reykjum í Hrútafirði 10. maí og viku síðar, 16. & 17. maí, 77. Íþróttaping ÍSÍ þar sem Lárus Blöndal lét af embætti forseta sambandsins og Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSÍ. Árni Jóhannsson gjaldkeri USVS sótti fund með svæðisfulltrúum og fulltrúum stjórnna HSK og ÍBV þann 10. júní sem átti eftir að reynast upphafið af enn meira samstarfi.

Iðkendur Ungmennafélagsins ÁS og Ungmennafélagsins Kötlu spiluðu undir merkjum USVS á Smábæjaleikunum á Blönduósi, mikil og sterk hefð er orðin fyrir því á starfssvæði sambandsins að sækja Smábæjaleikana. Keppnin á þessum mótum er aðeins lítil hluti í stóra samhenginu því sú mikla og góða samvera skilur einnig mikið eftir sig. USVS átti að þessu sinni fjögur lið á mótinu og hefur aldrei átt fleiri. Keppendur stóðu sig með sóma og komst þar 5. flokkur á verðlaunapall þar sem þau hreptu annað sætið í sínum flokki.

Að loknum Smábæjaleikum hófst undirbúningur fyrir Unglingalandsmót UMFÍ sem fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Keppendur USVS á mótinu voru 29 og gátu þau öll tekið þátt á mótinu sér að kostnaðarlausu þökk sé okkar góðu styrktaraðilum. Þetta eru E. Guðmundsson ehf, Smiðjan, AVP. ehf, Húsá ehf, Landeigendafélagið Loðmundur, Lionsklúbburinn Suðri og RR Tréverk sem gerðu þetta mögulegt og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Fánaberi USVS við mótsetningu var Bjarni Steinn Vigfússon.

Keppendurnir 29 unnu alls til 15 verðlauna á mótinu, fjögurra gullverðlauna, þriggja silfurverðlauna og átta bronsverðlauna. Glæsilegur árangur og frábær samvera eins og alltaf á Unglingalandsmótum.

USVS átti einnig tvo keppendur á Landsmóti UMFÍ 50+ sem fram fór í Fjallabyggð í lok júní 2025. Mótið í ár fer fram að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit dagana 26.-28. júní, og hvet ég okkar fólk til að kynna sér mótið.



Keppendur USVS skemmtu sér vel eins og alltaf á Unglingalandsmóti.

Hið árlega héraðsmót USVS í frjálsum íþróttum fór fram á íþróttavellinum í Vík 19. agúst. Mótsstjóri var Ástpór Jón Ragnheiðarson. 33 keppendur voru skráðir á mótið sem gekk vel fyrir sig. Fjöldi sjálfboðaliða kom að mótinu og þökkum við þeim kærlega fyrir sitt ómetanlega framlag.

Í lok ágúst sótti ritari USVS, Fanney Ólöf Lárusdóttir, fund til Vestmannaeyja ásamt svæðisfulltrúum ÍSÍ og UMFÍ á Suðurlandi sem og stjórnnum HSK og ÍBV. Útkoman úr þessum fundarhöldum var sú að svæðisfulltrúunum, þeim Bryndísi Lára Hrafnkelsdóttur og Rakel Magnúsdóttur, var falið að skipuleggja samráðsfund allra aðildarféлага innan USVS, ÍBV og HSK þar sem stjórnir aðildarféлага og framkvæmdastjórar fengu boð á fundinn. Fundurinn var haldinn á Stracta Hotel á Hellu þann 14. nóvember og tókst afar vel til. Fundinn sóttu um 50 manns frá félögunum en þar að auki góðir gestir, má þar m.a. nefna Willum Þór Þórsson forseta ÍSÍ og Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ en þau fluttu bæði erindi á fundinum. Jóhann Bragi og Fanney Ólöf sóttu fundinn fyrir hönd USVS.

54. sambandsping UMFÍ fór fram í Stykkishólmi dagana 10.-11. október síðastliðinn. Fulltrúar USVS á þinginu voru þau Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Jóhann Bragi Elínarson og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson. Þingið var viðburðaríkt en þar var meðal annars samþykktur svokallaður björgunarpakki til að mæta smærri íþróttahéruðum landsins sem orðið hafa fyrir hvað mestum áhrifum eftir breytinguna sem varð á útgreiðslu á lottó.



Fulltrúar USVS á sambandsþingi UMFÍ í Stykkishólmi.

Í byrjun nóvember fór Sunna Wium í fæðingarorlof og lét samhliða því af embætti formanns USVS. Færum við Sunnu bestu þakkir fyrir hennar framlag til sambandsins. Á stjórnarfund 12. nóvember var samþykkt að Jóhann Bragi, sem áður var meðstjórnandi í stjórn, tæki við sem starfandi formaður USVS fram að næsta sambandsþingi. Fyrsta verk nýs formanns var að sækja formannafund ÍSÍ sem fór fram á Akranesi þann 21. nóvember.

Mikil breyting varð svo á allri gagnavinnslu og utanumhaldi sambandsins þegar USVS fékk aðgang að Microsoft nonprofit. UMFÍ býður samböndum að nýta þennan möguleika. Nú eru öll gögn USVS vistuð á vísu stað og aðgengilegri en áður. Þessi tækni viðbót hefur reynst mjög vel og skiptir miklu máli fyrir allt okkar starf og skipulag. Til viðbótar við þetta fékk sambandið aðgang að Abler í gegnum UMFÍ sem kemur sér m.a. afar vel til að halda utan um skráningar á mót.

USVS sótti vorið 2025 um styrk í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar í verkefnið Stelpur í fótbolta. Sambandið fékk úthlutað 500.000 kr. styrk og átti námskeiðið að fara fram nú í mars síðastliðnum. Vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að fresta námskeiðinu að sinni og verður ný dagsetning kynnt fljótlega. Formaður USVS hefur átt í virku samtali við KSÍ til að skipuleggja námskeiðið.

Fyrsta verkefni nýs árs var að halda sambandsráðsfund þann 7. janúar á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Mikil ánægja var með fundinn, til viðbótar við gott og mikilvægt samtal stjórnar USVS, formanna aðildarfélaganna og svæðisfulltrúanna þá flutti Pálmar Ragnarsson erindi um jákvæð samskipti og Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ flutti erindi um hlutverk íþróttahéraða.

Þann 26. janúar var gengið frá ráðningu framkvæmdastjóra í 50% starf, þá undirritaði formaður fyrir hönd stjórnar USVS samning við Sigurð Eyjólf Sigurjónsson.

Í byrjun febrúar var svo haldinn fundur með formönnum aðildarfélaganna ásamt formanni og framkvæmdastjóra USVS. Þar var nýr framkvæmdastjóri kynntur og formenn félaganna ræddu um hvernig hann gæti styrkt og stutt við starfið innan aðildarfélaganna.

USVS hefur staðið fyrir tveimur mótum það sem af er árinu 2026, hið árlega innanhúsmót í frjálsum íþróttum á Kirkjubæjarklaustri í febrúar þar sem þátttaka var hreint út sagt stórglæsileg. Keppendur voru 70 talsins og er um að ræða metþátttöku. Mótsstjóri var Ástþór Jón Ragnheiðarson og að mótinu komu fjölmargir sjálfboðaliðar. Þann 22. mars sl. fór fram innanhúsmót í fótbolta á Klaustri sem tókst afar vel til og voru keppendur um 40 talsins. Við færum öllum þeim sem komu að þessum mótum með einum eða öðrum hætti kærar þakkir fyrir sitt framlag.

Með nýjum framkvæmdastjóra hefur margt gott komist í verk, helstu verkefni hans á þessum fyrstu vikum í starfi hefur verið að skipuleggja mótahald, taka til á heimasíðu sambandsins og gefa henni nýtt útlit. Hann var einnig aðildarfélögum innan handar við umsóknir í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar nú í mars. Það er gaman að segja frá því að USVS er fyrsta íþróttahéraðið þar sem öll aðildarfélög hafa sótt um í Hvatasjóðinn. En mesti tíminn hefur farið í umfangsmikla vinnu við gerð gæðahandbókar USVS sem er hluti af stærra verkefni við að koma USVS í hóp Fyrirmyndahéraða ÍSÍ. Það er mikið ánægjulegt að segja frá því að öll gögn vegna þeirrar umsóknar liggja nú fyrir og er næsta skref að senda þau til yfirlesturs hjá ÍSÍ. Það styttist því óðum í að USVS komist í hóp Fyrirmyndarhéraða sem verður mikið heillaskref fyrir sambandið.

Mig langar einnig hér aðeins að koma inni á mikilvægi svæðisfulltrúa íþróttahéraðanna. Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir eru svæðisfulltrúarnir okkar á Suðurlandi og skipta okkur miklu máli.



Frá innanhúsmóti í frjálsum íþróttum. Metþátttaka var á mótinu.

Þær eru alltaf tilbúnar til að aðstoða okkur ef eitthvað er og taka málin áfram. Þær hafa jafnframt skipt miklu máli í því tengja okkur öll betur saman á Suðurlandi innan USVS, HSK og ÍBV. Það er frábært að þessi vettvangur sé til þar sem við fulltrúar íþróttahérðanna á Suðurlandi getum deilt hugmyndum og lært af hvort öðru. Að þessu sögðu verður ekki annað sagt en það sé afar mikilvægt að starfsemi svæðistöðva íþróttahreyfingarinnar verði tryggð til framtíðar enda er það alltaf að koma betur og betur í ljós hversu miklu máli svæðisstöðvarnar skipta.

Kæru þingfulltrúar og gestir. USVS hefur alla burði til að vera meðal öflugustu íþróttahéraða landsins og sá tímamóta samstarfssamningur við sveitarfélögin Mýrdalshrepp og Skaftáhrepp sem undirritaður verður hér í dag mun styðja enn frekar við þá vegferð sem fram undan er. Samningur sem á eftir að verða fyrirmynd fyrir aðra. Það er mikill meðbyr núna og margt spennandi handan við hornið. Ég hvet aðildarfélögin til að vera óhrædd að leita til okkar ef eitthvað er, við erum hér fyrir ykkur.

Stjórn USVS færir aðildarfélögum sérstakar þakkir fyrir öflugt og grósku mikið starf á starfsárinu og hlakkar til samstarfsins á því næsta. Ég vil hér að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi USVS á einn eða annan hátt á liðnu starfsári fyrir sitt framlag til sambandsins.

Jóhann Bragi Elínarson, formaður USVS



Mótssetning Unglingalandsmóts á Egilsstöðum



5. flokkur USVS í fótbolta á Unglingalandsmótinu ásamt þjálfara.



Fulltrúar USVS, HSK, ÍBV, ÍSÍ og UMFÍ auk svæðisfulltrúa á samráðsbundinum á Hellu.

Ársreikningur USVS 2025

Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna

Til stjórnar USVS

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings USVS fyrir árið 2025 og er hann byggður á bókhaldi félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess. Ársreikningurinn inniheldur áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar nr. 1-8.

Vik 24.3.2026

Staður og dagsetning

Elisabet Ásta Magnúsdóttir

Elisabet Ásta Magnúsdóttir
Viðskiptafræðingur

Við undirritaðir skoðunarmenn USVS höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir félagið og borið hann saman við bókhaldsgögn. Teljum við að ársreikningurinn sýni vel reksturinn á árinu 2025 og efnahagslega stöðu í árslok.

Vik 3.4.2026

Staður og dagsetning

Norðurhjáleigu 5.4.2026

Kolbrunn Magnúsdóttir

(sign)

Sæunn Kára dóttir

(sign)

Rekstrarreikningur 2025

Rekstrartekjur:	Skýr.	2025	2024
Framlög og styrkir.....	2	4,402,512	4,983,542
Tekjur af mótum.....	3	0	0
Seldur íþróttafatnaður / safnanir v. Fótboltastarfs.....		0	50,378
		<u>4,402,512</u>	<u>5,033,920</u>
Rekstrargjöld:			
Íþróttafatnaður / Kosnaður v. Fótboltastarfs.....		363,677	1,022,054
Laun og akstursgreiðslur framkvæmdastjóra.....	4	339,688	863,206
Yfirstjórn.....	5	681,316	671,193
Kostnaður v/ íþróttamóta.....	6	725,100	431,720
Önnur gjöld.....	7	1,335,551	3,781,710
Afskrifaðar kröfur.....	1	0	0
Afskriftir.....		0	0
		<u>3,445,332</u>	<u>6,769,883</u>
Hagnaður (tap) án fjármunatekna og (fjármunagjalda).....		957,180	(1,735,963)
Fjármunatekjur og (fjármunagjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		447,430	602,087
Fjármagnstekjuskattur.....		(97,698)	(136,389)
Vaxtagjöld.....		(30,990)	(67,443)
		<u>318,742</u>	<u>398,255</u>
Hagnaður (tap) ársins.....	1	<u>1,275,922</u>	(1,337,708)

Efnahagsreikningur 31.12. 2025

Eignir:	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og aðrar eignir.....		0	0
Fastafjármunir		0	0
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
		0	0
Handbært fé.....	8	12,335,899	12,158,312
Veltufjármunir		12,335,899	12,158,312
Eignir samtals		12,335,899	12,158,312

Efnahagsreikningur 31.12. 2025

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé.....		12,335,899	11,059,977
Eigið fé samtals	1	12,335,899	11,059,977

Skuldir:

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir.....		0	1,098,335
		0	1,098,335
Skuldir samtals		0	1,098,335
Skuldir ogeigiðfésamtals		12,335,899	12,158,312

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

Handbært fé frá rekstri:	Skýr.	2025	2024
Hagnaður (tap) ársins.....		1,275,922	(1,337,708)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>1,275,922</u>	<u>(1,337,708)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðabreyting (hækkun).....		0	0
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun.....		0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun.....		(1,098,335)	1,098,335
		<u>(1,098,335)</u>	<u>1,098,335</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar:		<u>177,587</u>	<u>(239,373)</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Vélar og áhöld.....		0	0
Fjárfestingahreyfingar		<u>0</u>	<u>0</u>
Breyting á handbæru fé.....		177,587	(239,373)
Handbært fé í ársbyrjun.....		12,158,312	12,397,685
Handbært fé í árslok.....		<u>12,335,899</u>	<u>12,158,312</u>

Skýringar

1. Fastafjármunir

	Íþróttaáhöld og tæki	Skrifstofuáhöld	Samtals
Stofnverð 01.01.....	1,241,101	1,015,186	2,256,287
Viðbót á árinu.....	0	0	0
Selt/fært út.....	0	0	0
Stofnverð alls.....	<u>1,241,101</u>	<u>1,015,186</u>	<u>2,256,287</u>
Afskrifað 01.01.....	1,241,101	1,015,186	2,256,287
Afskrifað á árinu	0	0	0
Afskrift færð út.....	0	0	0
Afskrifað alls.....	<u>1,241,101</u>	<u>1,015,186</u>	<u>2,256,287</u>
Bókfært verð 31.12.....	0	0	0
Afskriftarhlutföll	0%	35%	

1. Eigið fé

Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.....	11,059,977	11,059,977
Hagnaður (tap) ársins.....	1,275,922	1,275,922
Eigið fé 31.12.....	<u>12,335,899</u>	<u>12,335,899</u>

Sundurliðun með ársreikningi

	2025	2024
2. Framlög og styrkir		
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	0	0
Lottó ÍSÍ.....	1,256,444	1,937,128
Lottó ÍSÍ aukaúthlutun.....	198,270	0
Lottó UMFÍ.....	641,736	3,021,555
Lottó UMFÍ aukaúthlutun.....	1,986,143	0
Íslenskar getraunir.....	19,919	24,859
Happdrætti.....	0	0
Aðrir styrkir og framlög.....	300,000	0
	4,402,512	4,983,542
3. Tekjur af mótum		
Gott form.....	0	0
	0	0
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun og akstur, gisting og uppihald starfsmanna.....	339,688	863,206
	339,688	1,800,000
5. Yfirstjórn		
Ferðakostnaður.....	0	400,000
Burðar- og flutningsgjöld.....	0	0
Áskrift.....	0	0
Rekstur heimasíðu.....	58,827	36,693
Ritföng, prentun og pappír.....	0	0
Útgáfa fréttabréfa.....	0	0
Tölvu- og tækniástoð.....	0	0
Kostnaður vegna sambandsþings og funda.....	566,689	177,460
Kostnaður vegna Sambandsþings UMFÍ.....	0	0
Ársskýrsla, bókhaldsaðstoð.....	55,800	55,800
Flutningar.....	0	0
Auglýsingar.....	0	0
Keyptur búnaður.....	0	0
Þjónustugjöld banka.....	0	1,240
	681,316	671,193
6. Kostnaður v/ íþróttamóta		
Ferðakostnaður og dómgæsla.....	0	0
Kostnaður v/ þátttöku á mótum.....	623,550	300,900
Kostnaður v/ mótahalds.....	101,550	130,820
Húsaleiga v/ íþróttamóta.....	0	0
	725,100	431,720

Sundurliðun með ársreikningi frh.

7. Önnur gjöld	2025	2024
Styrkir til félaga og íþróttamanna.....	835,551	3,181,710
Styrkir til félaga og íþróttamanna auka lottóúthlutun.....	0	0
Styrkir úr Æskulýðssjóði.....	500,000	600,000
Gjafir og styrkir.....	0	0
	<u>1,335,551</u>	<u>3,781,710</u>
8. Handbært fé		
Tékkareikningur 9220, Arion banki.....	4,020,808	4,185,084
Tékkareikningur 2005, Arion banki.....	46	7,538
Markaðsreikningur Æskulýðssjóðs, Arion banki.....	2,096,987	2,077,399
Markaðsreikningur USVS, Arion banki.....	162,645	149,916
reikningur 325-13-2.....	1,163	1,163
reikningur 317-22-285.....	6,054,250	5,737,212
	<u>12,335,899</u>	<u>12,158,312</u>

Fjölbreytt verkefni há svæðisfulltrúum íþróttahéraða



Fyrsti samráðsfundur stjórna íþróttahéraða á Suðurlandi var haldinn í Vestmannaeyjum.

Störf okkar svæðisfulltrúa hafa gengið prýðilega undanfarið ár. Tengslanetið hefur stækkað mikið og félagar innan hreyfingarinnar farnir að leita í auknum mæli til okkar.

Störf okkar eru ansi fjölbreytt og dreifast út um víðan völl. Það mætti alveg líkja okkur við kolkrabba þar sem okkar hlutverk er að vera með alla anga úti og tengja ólíka hagaðila saman, bæði til að koma nýjum verkefnum af stað eða styðja við verkefni sem eru nú þegar í gangi. Það er dýrmætt að finna að þegar við boðum öngunum út þá er fólk farið að taka á móti.

Gott samstarf hefur verið á milli héraðanna okkar þriggja á Suðurlandi. Upphaf þess samstarfs má rekja til stjórnarfundar sem haldinn var í Vestmannaeyjum haustið 2025. Í kjölfarið var okkur svæðisfulltrúum falið að skipuleggja og boða til samráðsfundar allra íþróttahéraðanna, þar sem stjórnarmönnum héraðanna þriggja, formönnum allra aðildarfélaganna auk starfandi framkvæmdarstjórum héraðanna og aðildarfélaganna var boðið. Fundurinn var haldinn á Stracta Hótel á Hellu 14. nóvember 2025 og heppnaðist með eindæmum vel.

Fundurinn markaði mikilvæg spor innan svæðisins þar sem mikilvæg tengsl voru mynduð og hugmyndir að verkefnum fæddust. Stjórnirnar funda saman eftir þörfum og bjóðum við ávallt upp á flæði á milli landshluta í þeim verkefnum sem verið er að vinna, þó það sé stundum erfitt að láta það ganga upp af landfræðilegum sökum. Við erum stjórnnum okkar innan handar og tökum þau verkefni sem þau deila með okkur til að létta undir þeirra störfum. Eitt af þeim verkefnum er að leiða vinnu er tengist umsókn að fyrirmyndarhéraði fyrir HSK og ÍBV.

Svæðisstöðvarnar á landsvísu starfa saman að fjölda verkefna og er það dýrmætt skref í hagræðingu á þeim verkefnum sem héruðin eru að fást við.

Við viljum að því sögðu benda á heimasíðu okkar www.siu.is en þar má finna ýmis hagnýt gögn sem eiga að einfalda störf sjálfbóðaliða í þeirra mikilvægu störfum.

Dæmi um verkefni á árinu 2025:

- Samráðsfundur úti í Eyjum.
- Samráðsfundur íþróttahéraða á Suðurlandi á Hellu.
- Tómtunda- og frístundamessa Uppsveita.
- Samstarfsverkefni með ÍSÍ og UMFÍ.
- Fræðslu- og kynningarmál, raddir ungs fólks og ýmis átaksverkefni.
- Vetrariþróttavika Evrópu í samstarfi við heilsuefandi Uppsveitir og Heilsuefandi samfélag í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Íslandsleikarnir á Selfossi í mars 2025.
- Stjórnuleikarnir í Vallaskóla í febrúar 2026.
- Átaksverkefni í körfuknattleik og knattspyrnu.
- Aðstoð með umsóknir í sjóði.
 - Hvatasjóður, fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ og hinir ýmsu samfélagssjóðir.
- Fjölbreytt ráðgjöf.
 - Abler, skilakerfi ÍSÍ, samskiptaráðgjöf, þjálfarar, fræðsla til sveitarfélaga.
- Farsældaráð.
- Stjórnarseta fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar í Farsældar- og framkvæmdaráði Suðurlands.
- Stjórnarseta í samráðshópi vegna stuðnings við börn með sér- og stuðningsþarfir.
- Frístundastyrkur í Rangárþingi eystra.
- Greiningarvinna og kynning.
- Aðstoð í samningamálum félaga við sveitarfélög.

Við hvetjum félagi í hreyfingunni áfram til góðra verka! Nýtum þau verkfæri sem einfalda störfin, grípum tækifærin og verum í virkum samskiptum!

Fréttapunktur frá ÍSí 2025



Frá formannafundi ÍSí sem haldinn var á Akranesi 21. nóvember síðastliðinn.

Árið 2025 var þingár hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Íþróttaping ÍSí fór fram dagana 16. og 17. maí 2025 og þar kaus íþróttahreyfingin sér nýja forystu. Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSí til næstu fjögurra ára. Einnig urðu allnokkrar breytingar á stjórn sambandsins. Lárus L. Blöndal, fráfarandi forseti, var kjörinn heiðursforseti ÍSí. Samþykktir íþróttapingsins voru fjölmargar og hafa stjórn og starfsfólk unnið að þeim málefnum í kjölfar þingsins.

Stjórnsýslan

Stjórnsýslusvið ÍSí annast öll mál er varða lög og reglur í hreyfingunni og er tengiliður við dómstóla ÍSí. Verkefni sviðsins eru víðtæk enda regluverk hreyfingarinnar flókið og lagskipt.

Unnið er að uppfærslum á regluverki hreyfingarinnar og eftirlit með einum eða öðrum hætti og veita sambandsaðilum stuðning og leiðbeiningar er varða lög og reglur. Sviðið hefur umsjón með gæðaverkefnum ÍSí, Fyrirmyndarfélag ÍSí og Fyrirmyndarhérað ÍSí. Stjórnsýslulegum verkefnum fjölga jafnt og þétt með auknum kröfum á íþróttahreyfinguna og síbreytileika starfsumhverfis íþróttar.

Formannafundur ÍSí og stefnumótun

Formannafundur ÍSí fór fram á Akranesi 21. nóvember. Þar voru tekin fyrstu skref í sameiginlegri stefnumótun ÍSí og UMFÍ en um verður að ræða gagnadrifna grasrótar stefnumótun, en stefnt er að því að leggja fram nýja stefnu á íþróttapingi ÍSí árið 2027. Leitað verður eftir sem víðtækustu samtali við hagaðila í íþróttahreyfingunni og samfélaginu.

Afreksmálefni

Afreksmiðstöð Íslands festi sig í sessi á árinu og hefur miðstöðin nú sérfræðinga á sínum snærum, til þjónustu fyrir allt helsta afreksíþróttafólk landsins, eftir þörfum.

ÍSí fékk á Fjárlögum Alþingis vegna ársins 2025 framlag að upphæð 637 milljónir króna til innleiðingar á nýju fyrirkomulagi afreksstarfs. Tæpum 300 milljónum af þeim fjármunum var úthlutað í febrúar 2025 til afreksstarfs sérsambanda, til að styðja við almennt landsliðs- og afreksstarf þeirra sem og þátttöku í stórmótum á árinu 2025.

Settur var á stofn launasjóður fyrir afreksíþróttafólk og afreksþjálfara og hófust greiðslur til valinna einstaklinga síðla árs 2025. Auk þess hóf ÍSí endurgreiðslur til einstaklinga í gegnum sérsamböndin vegna kostnaðar ungmenna sem taka þátt í landsliðsverkefnum sérsambanda. Afreksjóður ÍSí úthlutaði samtals tæpum 520 milljónum króna til afreksstarfs sérsambanda vegna ársins 2025.

ÍSí sendi keppendur til Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar, bæði vetrarhátíð í Bakuriani, Georgíu 9. til 16. febrúar, og sumarhátíð í Skopje, Norður Makedóníu 20. til 26. júlí 2025. Hátíðirnar eru fyrir evrópsk ungmenni á aldrinum 14 til 18 ára. Eins fór fjölmennur hópur á vegum ÍSí á Smáþjóðaleikana í Andorra í maímánuði 2025.

Fræðslu- og almenningsíþróttaverkefni

ÍSí stendur fyrir fjölmörgum fræðsluviðburðum á hverju ári, oft í samstarfi við UMFÍ og fleiri hagaðila. Einnig er þjálfaramenntun ÍSí sívinsæl en áhersla hefur verið á fjarnám undanfarin ár.

Má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Hjólað í skólann, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu, Ólympíuhlaupið, Ólympíudaginn og Syndum. Frábær þátttaka var í verkefnum ÍSí á árinu. Unnið er að samþættingu verkefna á sviði almenningsíþróttar, einföldun skráninga og uppfærslu kerfa.

Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni ÍSí og Landssambands eldri borgara (LEB), með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti. Megináhersla er lögð á að skipulögð hreyfing og tómstundastarf standi öllu fólki 60 ára og eldra til boða. Athygli er vakin á lendingarsíðunni Hreyfing í boði, á Ísland.is, sem sýnir fjölbreytt úrval af hreyfingu og tómstundastarfi fyrir eldra fólk víðs vegar um landið.

Eins má nefna verkefnið Allir með sem er samstarfsverkefni ÍSí, UMFÍ og Íþróttasambands fatlaðra, sem er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að auka þátttöku fatlaðra í íþróttastarfi.

Ferðasjóður

Árlega er úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Fjárframlag í sjóðinn kemur alfarið frá ríkinu en ÍSí hefur umsjón með sjóðnum, þ.e. umsóknarferli, úrvinnslu og úthlutun. Síðastliðin ár hefur verið úthlutað árlega 123,9 milljónum til íþróttafélaga um allt land, byggt á umsóknum. Framlag í sjóðinn vegna ársins 2026 hækkar um 100 m. króna, samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Svæðisstöðvar íþróttahéraða er sameiginlegt verkefni ÍSí og UMFÍ með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og er markmiðið með því að efla íþróttahéruð með sameiginlegum starfsstöðvum sem þjónusta íþróttahéruðin og íþróttafélögin í nærsamfélagi sínu með samræmdum hætti. Á heimasíðu svæðanna, www.siu.is má finna verkfærakistu með gagnlegum skjölum er varða m.a. rekstur íþróttafélaga.

Hvatasjóður, á vegum ÍSí og UMFÍ, með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis, stuðlar að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun, börn með fjölbreyttan tungumálamenningarbakgrunn og af tekjulægri heimilum.

Upplýsingar um starfsemi og verkefni ÍSí má finna á heimasíðu ÍSí, www.isi.is.



Frá samráðsfundi íþróttahéraða á Suðurlandi sem haldinn var á Hellu í nóvember. Willum Þór Þórsson forseti ÍSí flytur hér ávarp við setningu fundarins.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2025



Ný stjórn UMFÍ í góðum gír.

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2025. Áfram er unnið að því að auka samstarf í íþróttahreyfingunni, mikilvægar ákvarðanir voru teknar á þingi og stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ var ýtt úr vör. Árið 2025 er árið sem öll íþróttahéruð urðu aðilar að UMFÍ þegar ÍBV bættist í hópinn og eru nú því öll 25 íþróttahéruð og þar með talin öll aðildarfélög aðilar að UMFÍ.

Sambandsþing UMFÍ

56.sambandsþing UMFÍ fór fram dagana 10. - 11. október 2025. Sambandsþingið er æðsta vald í málefnum UMFÍ hverju sinni. Fjöldmenni var á þinginu og fleiri þingfulltrúar en nokkru sinni. Á þingið mættu í fyrsta sinn fulltrúar íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) en bandalagið hafði fengið aðild að UMFÍ um vorið. Til marks um tímamótin komu fulltrúar allra íþróttahéraða á Suðurlandi á þingið saman í lítilli rútú á vegum Guðmundar Tyrfingssonar. Aldrei áður hafa fulltrúar allra íþróttahéraða landsins setið sambandsþing UMFÍ.

Á fundinum voru afhent fern Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit, Ungmennafélag Reykdæla, Íþróttafélagið Undri í Dalabyggð og heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar.

Ný stjórn UMFÍ

Á Sambandsþingi UMFÍ urðu töluverðar breytingar á stjórn UMFÍ. Af ellefu einstaklingum í stjórn komu sjö nýir inn. Eftir stóðu fjórir af fyrri stjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var sjálfkjörinn áfram.

Ný inn í aðalstjórnina komu Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Halla Margrét Jónsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Margrét Sif Hafsteinsdóttir og Skúli Bragi Geirdal. Birgir Már Bragason og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson voru kosnir í varastjórn. Þau sem hlutu endurkjör voru: Sigurður Óskar Jónsson, sem kosinn var í aðalstjórn og Gunnar Þór Gestsson og Ragnheiður Högnadóttir, sem voru kosin í varastjórn með Birgi Má og Sigurði Eyjólfí.

Öll íþróttahéruð í UMFÍ

Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) varð sambandsaðili UMFÍ í maí árið 2025. Þar með lauk vegferð sem hófst fyrir rúmum 25 árum þegar íþróttabandalög landsins sóttu fyrst um aðild að UMFÍ. Þau fengu lengi vel neitun. Fyrstu íþróttabandalögin fengu umsókn um aðild að UMFÍ samþykka árið 2019 og hefur þeim fjölgað síðan þá. Með aðild ÍBV voru öll íþróttafélög landsins orðin aðildarfélögum UMFÍ.

Björgunarpakkinn

Samþykkt var á Sambandsþingi UMFÍ í október 2025 að greiða tilteknum íþróttahéruðum samtals 60 milljónir króna næstu tvö árin. Þetta er tímabundin fjárhagsaðstoð sem veitt er annars vegar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ og hins vegar með því að ganga á eigið fé UMFÍ. Aðgerðin var talin nauðsynleg til að dempa höggið sem sumir sambandsaðilar urðu fyrir vegna breytinga á útgreiðslu lottófjár sem samþykktar voru á sínum tíma.

Eftir Sambandsþingið var vinnuhópur settur á laggirnar sem vann tillögurnar áfram. Í nóvember sama ár voru tillögurnar og útfærslan á björgunarpakkanum kynnt sambandsaðilum UMFÍ. Enn hélt vinna áfram við útfærsluna og sviðsmyndagreiningar. Uppfærðar tillögur voru lagðar fram á fundi stjórnar UMFÍ 12. desember 2025. Niðurstaðan var sú að 19 ípróttahéruð af 20 sem sóttu um björgunarpakkann uppfylltu skilyrði og fengu greiðslur úr björgunarpakkanum. Tekið var fram við útgreiðsluna að um var að ræða einskiptisaðgerð sem ekki er hægt að gera ráð fyrir til framtíðar.

Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum 361,5 milljón krónur á síðasta ári. Hluti af upphæðinni er 63,2 milljóna króna aukagreiðsla sem greidd var eignaraðilum Íslenskrar getspár vegna góðrar afkomu á árinu. Af heildarupphæðinni, 361,5 milljónum króna, fóru 63,7 milljónir, eða sem nemur 15% til svæðisstöðva ípróttahéraðanna.

Til samanburðar nam heildargreiðslan 293 milljónum króna árið 2024, þar af nam aukagreiðsla vegna góðrar afkomu Íslenskrar getspár 44 milljónum króna.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 27. - 29. júní árið 2025 í Fjallabyggð. Keppt var í þrettán greinum bæði á Siglufirði og á Ólafsfirði. Þetta var í þrettánda sinn sem mótið var haldið og fyrsta skiptið sem það var haldið í Fjallabyggð. Mikill áhugi var á mótinu í Fjallabyggð og voru þátttakendur 350 talsins. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Björn Skúlason, maður hennar, voru viðstödd setningu mótsins og sagði Halla þátttökuna sýna að aldur er engin fyrirstaða. Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit og dreifist keppnissvæðið nokkuð. Mótið er haldið í samstarfi við Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) og sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmenna- og ípróttasamband Austurlandi (UÍA) og sveitarfélagið Múlaping. Þátttakendur voru 1.082 talsins á aldrinum 11-18 ára og voru skráningar 5.588 talsins, sem er met. Boðið var upp á 21 ípróttagrein og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti. Héraðssamband Þingeyinga (HSP) hlaut Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ. Unglingalandsmót UMFÍ fer næst fram á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2026 í samstarfi við Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörð. Úthlutun Unglingalandsmóta hefur verið breytt. Nú er horft til þess að mótið færist reglulega á milli nokkurra sambandsaðila.

Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í fjórða sinn í Mosfellsbæ 16. ágúst 2025. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru þeir annað árið í röð yfir eitt þúsund. Það er um þreföldun frá fyrsta hlaupi. Hlaupalengdin er jafn löng og áður og með fjölda hindrana, sem var breytt að stórum hluta árið 2025.



Hlaupið af stað í drulluhlaupi Krónunnar og UMFÍ.

Skólabúðir á Reykjum

UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrutafirði haustið 2022. Reksturinn er nú orðinn að umfangsmesta verkefni UMFÍ með átta manns í föstu starfi og nokkrum í hlutastarfi. Árlega koma þangað um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu og dvelur hver hópur í fjóra daga. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd og efla styrkleika sína.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, ípróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hvetur aðildarfélag sín til þess að nýta húsnæðið fyrir hópefli eða aðra viðburði á sínum vegum.



Líf og fjör í brekkunni á Unglingalandsmóti.

Stefnumótun UMFÍ

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Samhliða henni kom út starfsáætlun til þriggja ára. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2024 var samþykkt að láta stefnu UMFÍ gilda til sambandsþings UMFÍ 2025. Á þingi UMFÍ var svo samþykkt að fara í sameiginlega stefnumótun með ÍSÍ. Sú vinna hófst með formlegum hætti á formannafundi ÍSÍ á Akranesi strax í nóvember.

Í framhaldinu var fundað með fulltrúum íþróttafélaga, sveitarfélaga og mörgum fleirum um heildstæða stefnumótun. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá fyrirtækinu Expectus ráðgjöf hefur stýrt fundunum frá upphafi. Unnið hefur verið að því að heyra sem raddir flestra. Í kjölfarið hafa verið skipulagðir fundir víða um land með forsvarsfólki íþróttahéraða og sveitarfélaga þar sem einblínt er á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

Ertu á almannaheillaskrá?

Það getur borgað sig að skrá íþrótt- og ungmennafélagið sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá Skattsins. Félög á skránni fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og getur það munað heilmiklu fyrir félög hvort sem þau eru stór eða lítil. Skráning á almannaheillaskrá Skattsins eykur líkur á að fólk og fyrirtæki leggi félagi sínu til stuðning ef fyrir liggur að viðkomandi fær endurgjöf í formi skattafrádráttar.

Ungt fólk og lýðheilsa

Um 100 ungmenni á aldrinum 15 – 25 ára af öllu landinu tók þátt í ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðheilsa, sem fram fór í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrutafirði í september 2025. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru félagslegir töfrar og þau ósýnilegu gildi sem verða til í samskiptum og samveru fólks. Þeir móta hugmyndir, hegðun og sjálfsmýnd fólks. Draga fólk hvert að öðru, gerir hóp að liði og samfélag að samfélagi. Ráðstefnan hefur það markmið að hvetja ungt fólk til þátttöku í félagsstarfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar á nýjan hátt, ekki aðeins með því að mæta á hefðbundnar íþróttæfingar. Félagsfræðingurinn Viðar Halldórsson flutti erindi um félagslega töfra og stýrði vinnustofum.

Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og koma með tillögur að betri lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góða. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa er haldin um svipað leyti á hverju ári. Ráðstefnan 2025 verður haldin í húsnæði Skólabúðanna í september 2026.

Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2023. Eins og á við um alla hluti er ævinlega unnið að því að bæta kerfið og gera það notendavænna.

Það er á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær við skil þeirra í kerfinu. Skilafrestur er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það trassa nokkur félög skilin þegar lokadagurinn rennur upp. UMFÍ hvetur íþróttahéruð til þess að bregðast við sé skýrslum ekki skilað.

Útgáfa og kynningamál

Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2025, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ líka út mjög reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugi mála á hverju ári.

Samstarf

UMFÍ leggur áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í fjölmörgum verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og UMFÍ vinna náið saman að fjölmörgum verkefnum.

Stærsta sameiginlega verkefnið eru svæðisstöðvar íþróttahéraðanna auk skilakerfis íþróttahreyfingarinnar og ýmsum viðburðum eins og ráðstefnan Konur og íþróttir, sem haldin hefur verið ár hvert upp á síðkastið í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Nú síðast var viðburðurinn haldinn föstudaginn 6. mars 2025 þar sem m.a. voru kynnt rúmlega 40 fræðsluvídeó. Um 80 þátttakendur mættu á viðburðinn sem fram fór í íþróttamiðstöðinni í Laugardal.



Viðar Halldórsson flutti erindi um félagslega töfra og stýrði vinnustofum á Ungt fólk og lýðheilsa.

Margir fleiri viðburðir eru unnir saman, þar á meðal stefnumótun íþróttahreyfingarinnar og fleiri minni verkefni.

Ekki má gleyma viðburðum á Degi sjálfboðaliðans 5. desember ár hvert, sálfélaglegri þjálfun sem byggir á aðferðafræði 5C, verkefninu Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi og mörgu fleiru.

UMFÍ vinnur líka með ÍSí að ýmsum öðrum verkefnum, svo sem í slagtogi við Íþróttasamband fatlaðra að verkefninu Allir með, ráðstefnu á Reykjavíkuleikunum með Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Forvarnardeginum, sem haldinn er í grunn- og framhaldsskólum landsins einu sinni á ári með embætti landlæknis, forsetaembættinu og fleirum.

Á meðal annarra verkefna má nefna Æskulýðsvettvanginn, sem UMFÍ starfrækir með Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Undir merkjum Æskulýðsvettvangsins og í samstarfi við m.a. samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi hefur verið unnin samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsfélög, siðareglur og ýmislegt fleira.

Þá er ótalin Leiðtogapjálfun, sem var ýtt úr vör í byrjun árs 2026 og er samstarfsverkefni UMFÍ, KSÍ og UEFA (evrópska knattspyrnusambandsins).

Fyrirtækið KVAN vinnur í samstarfi við íþróttafélagið Fram og Dalsskóla, Ingunnarskóla og Sæmundarskóla. Verkefnið byggir á þeirri hugmynd að öll sem vilja geti tileinkað sér leiðtogahæfni og þess háttar hegðun og geti unnið gegn neikvæðri hegðun.

Svæðisfulltrúar

Sextán svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hófu störf um allt land um mitt ár 2024. Á þeim tíma hafa þeir unnið að fjölda verkefna sem snúa að aukinni þátttöku barna í íþróttum, bættu aðgengi og samvinnu hagsmunaaðila. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu.

Ásamt því að hver svæðisfulltrúi vinni á sínu svæði, þá vinna þeir saman í vinnuhópum þvert á svæðin. Málefnið sem hóparnir vinna að hverju sinni eru ákveðin í takt við það sem ákall er um í hreyfingunni.

Vefsvæði svæðisstöðva íþróttahéraðanna er www.siu.is.



Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er nýr sjóður á vegum ÍSí og UMFÍ með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna í íþróttum í samræmi við sérstaka áhersluflokka.

Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025 og voru veittir 154 styrkir upp á samtals 87 milljónir króna í þau þrjú skipti sem opnað var fyrir umsóknir.

58 styrkir voru veittir til eflingar þátttöku barna með fötlun, 20 styrkir veittir til að efla þátttöku barna frá tekjulægri heimilum og 22 styrkir voru veittir til að efla þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Til viðbótar voru 54 styrkir veittir til útbreiðslu og þátttöku barna í íþróttum.

Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ er stærstur sjóðanna en hann styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Umsóknarfrestir eru tveir á ári, að vori og að hausti. Árið 2025 bárust sjóðnum 242 umsóknir um styrki. Styrkir voru veittir til 195 verkefna upp á rúmar 53,5 milljónir króna.

Til samanburðar hlutu 177 verkefni styrki upp á rétt rúmar 39,2 milljónir króna árið 2024 og 144 verkefni hlutu styrk upp á rúmar 20 milljónir árið 2023.

Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2025 voru veittir styrkir til fimmtán verkefna upp á 6,2 milljónir króna. Til samanburðar voru verkefni sex árið 2025 upp á 3,4 milljónir.



Blaðið Skinfaxi er alltaf stútfullt af áhugaverðu lesefni sem endurspeglar fjölbreytt starf UMFÍ um allt land.

UMFÍ

Fjölskyldu- og íþróttahátíð

UNGLINGALANDS- MÓT UMFÍ

SAUÐÁRKRÓKI UM
VERSLUNARMANNAHELGINA



ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

UMFÍ

Mót fyrir fólk á besta aldri

LANDSMÓT

UMFÍ 50+

HRAFNAGILSHVERFI
Í EYJAFJARÐARSVEIT
26.-28. JÚNÍ 2026



ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

Skýrslur aðildarféлага



Golfklúbburinn Vík

1. Formáli stjórnar

Stjórn Golfklúbbsins Vík þakkar félagsmönnum, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og samstarfsaðilum fyrir gott og farsælt ár. Starfsemi klúbbsins hefur verið fjölbreytt og metnaðarfull þrátt fyrir krefjandi veðurskilyrði og breytilegar aðstæður.

2. Starfsemi ársins

2.1 Almenn starfsemi

Á árinu var lögð áhersla á að efla félagsstarf, bæta aðstöðu og styrkja ímynd klúbbsins innan samfélagsins. Opnunartímabil vallarins gekk almennt vel og nýting hans var góð yfir sumarmánuðina. Stórar breytingar eru enn í gangi á golfvöllinum ný staðsetning á klúbbhúsi og aðrar framkvæmdir í kringum það.

2.2 Mótahald

Haldið var meistaramót ásamt einu opnum móti fyrir gesti.


- Meistaramót
- Styrktarmót Pálminn

Þátttaka var góð og almenn ánægja með skipulag og framkvæmd móta. Meistaramót 12 keppendur og Pálminn 36 keppendur.

Klúbbmeistarar Halla Ólafsdóttir og Birgir Magnússon

2.3 Fjöldi skráðra kylfinga sem spiluðu golf hjá GKV

450 kylfingar skráðu sig í bókina hjá okkur og þar af 190 erlendir kylfingar.



Dæmi um breytingu á vellinum.

3. Völlur og mannvirki

Unnið var að viðhaldi vallarins allt árið. Helstu verkefni voru:

- Endurbætur á flötum
- Viðhald á teigum
- Breyting á klúbbhúsi
- Breyting á brautum

4. Félagsmenn klúbbsins voru alls 41 í lok árs.

5. Stjórn og nefndir

Stjórn Golfklúbbsins Vík á árinu 2025 skipuðu:

- Formaður: Þorgeir Guðnason
- Varaformaður: Anna Huld Óskarsdóttir
- Ritari: Guðni Einarsson
- Gjaldkeri: Lilja Valgerður Björnsdóttir
- Meðstjórnandi: Ívar Guðnason

Nefndir klúbbsins störfuðu af krafti og fá stjórnarmenn og nefndarfólk bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

6. Horfur næsta árs

Á næsta ári stefnir klúbburinn að áframhaldandi uppbyggingu á vallaraðstöðu, eflingu unglíngastarfs og auknu samstarfi við nærsamfélagið. Markmiðið er að bæta upplifun félagsmanna og gesta enn frekar.

Stjórn Golfklúbbsins Vík 2025-2026

Formaður: Þorgeir Guðnason

Varaformaður: Anna Huld Óskarsdóttir

Ritari: Guðni Einarsson

Gjaldkeri: Lilja Valgerður Björnsdóttir

Meðstjórnandi: Ívar Guðnason

Skýrslur aðildarféлага



Hestamannafélagið Kópur

Síðasti aðalfundur var haldinn í Tunguseli þann 20.febrúar. Fundurinn var ágætlega sóttur og góðar umræður sköpuðust um hin ýmsu málefni. Kristín Lárusdóttir var valinn knapi ársins 2024 fyrir framúrskarandi árangur.

Helgina 22.-23.febrúar var haldið framtamninganámskeið á Syðri-Fljótum og var Kristín Lárusdóttir kennari, þátttakan var mjög góð. Laugardaginn 19.apríl var svo haldið okkar árlega páskabingó í Tunguseli og var þar fjölmennt eins og vant er. Firmakeppni Hestamannafélagsins Kóps og Sindra var haldin á Syðri-Fljótum 24.apríl á sumardaginn fyrsta og var þátttakan ágæt. Þann 1.maí var farið með hóp af áhugasömum krökkum í skemmtiferð á æskulýðssýningu Geysis á Hellu.

Reiðskóli Kóps var á sínum stað en hann var haldinn dagana 10.-12.júní og aftur 14.-16.júlí. Hann var að þessu sinni í Arnardrangi og reiðkennari var Soffía Anna Helga Herbertsdóttir. Fjöldi krakka var skráður á bæði námskeiðin og fengum við afskaplega gott veður þessa daga. Við eigum marga áhugasama og efnilega unga knapa hérna á svæðina og nutum við góðs af því að geta fengið hross og reiðtygi lánuð hjá Soffíu undir marga krakka.

Sameiginlegt Hestaþing Kóps og Sindra var haldið á Sindravelli við Pétursey þann 12.júlí. Þátttaka var góð og veðrið líka og má segja að mótið hafi heppnast mjög vel í alla staði. Að venju áttum við flotta fulltrúa á mótum síðasta sumars þ.m.t. Íslandsmóti, Reykjavíkurmeistaramóti, íþróttamóti Sleipnis, íþróttamóti Geysis og gæðingamótinu á Flúðum.



Reiðskóli Hmf. Kóps 2025.

Farið var í tvo kvöldreiðtúra þann 9.ágúst og aftur 11.ágúst. Í fyrri reiðtúrnum var lagt af stað frá Syðri-Fljótum en þeim seinni frá afleggjaranum að Strönd. Reiðtúrarnir voru vel sóttir þrátt fyrir töluverða rigningu seinna kvöldið. Kristín Lárusdóttir og Guðbrandur Magnússon voru fararstjórar. Var þetta góð upphitun fyrir hina árlegu hestaferð Kóps en hún var dagana 15.-17.ágúst. Að þessu sinni var farið í Öraefin en fararstjóri var Gunnar Sigurjónsson á Hofi. Má segja að það hafi verið frekar vindasamt þessa daga en það stöðvaði knapana ekki og voru um 50 manns skráðir í ferðina. Kunnum við þeim sem stóðu að ferðinni bestu þakkir fyrir frábærar mótttökur.

Í byrjun þessa árs lést einn af heiðursfélögum Kóps, Jón Jónsson frá Prestsbakka, og minnumst við hans með hlýhug og þakklæti en Kópsfélagar stóðu heiðursvörð við útför hans.



Mynd frá hestaferð Hmf. Kóps í Öraefin.

Stjórn Hmf. Kóps 2025-2026

Formaður: Pálína Pálsdóttir

Varaformaður: Guðbrandur Magnússon

Gjaldkeri: Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir

Ritari: Fanndís Ósk Pálsdóttir

Meðstjórnandi: Soffía Anna Helga Herbertsdóttir

Skýrslur aðildarféлага



Hestamannafélagið Sindri

Árið 2025 fór fram með hefðbundnum hætti. Aðalfundur var haldinn á Hótel Önnu þann 16. mars 2025, heldur seinna en vanalega vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Á þeim fundi var tekin ákvörðun að sameinast ekki hestamannafélaginu Geysi og halda uppi merki og starfi félagsins okkar. Til þess að það gangi upp þá þurfa félagsmenn að vera duglegir að sækja viðburði félagsins og taka þátt.

Á síðasta aðalfundi urðu formannaskipti þar sem Þórdís Ingunn tók við og var Petru þakkað vel fyrir unnin störf í þágu félagsins. Í ræðu Petru nefndi hún sérstaklega að mikilvægt er að formaður félagsins væri búsettur á svæðinu. Formaður er búsettur hinu megin við fljótið (Markarfljót), en vonar að með miklum áhuga á starfsemi félagsins muni félagið ekki líða fyrir búsetu hennar utan félagssvæðisins. Einnig urðu breytingar á meðstjórnendum en Jón sagði sig frá starfi og tók Sunna Wíium við keflinu. Stjórnin hittist nokkrum sinnum yfir árið á stjórnarfundum ásamt því að vera nokkuð virkar á hópsspjalli stjórnarinnar. Einnig var haldinn einn stórráðsfundur sem og fundur með æskulýðsnefnd.

Ársþing USVS var haldið á Hótel Kötlu í byrjun apríl. Sendum við inn tilnefningar frá okkur um íþróttamann ársins, Vilborgu Smáradóttur, sem og sjálfboðaliða ársins, Petru Kristínu Kristinsdóttur. Hreppti Petra þar titillinn sjálfboðaliði ársins, sem hún átti svo sannarlega skilið.

Fundur Rangárbakka var haldin í lok apríl og samkvæmt reyndari mönnum þá fór allt með hefðbundnum hætti þar. Þá nefndi stjórn Rangárbakka að landsmót 2028 verður haldið á Hellu. Mun undirbúningur fyrir það hefjast strax á þessu ári og báðu þau um aðstoð við undirbúning og vinnu á mótinu frá félögum. Formannafundur LH var haldin 8. nóvember í Reykjavík. Þar mætti formaður ásamt einum fulltrúa og var áhugavert að sjá og heyra hvað væri í gangi hjá öðrum hestamannafélögum. Verkefni á fundinum voru almenn fundarstörf ásamt stefnumótun hjá LH og nefndavinna. Þá var einnig boðið upp á kynningar hjá nokkrum hestamannafélögum sem voru áhugaverðar.

Stjórn Sindra stóð fyrir umræðufundi um reiðvegamála í og við Vík í Mýrdal í nóvember. Fín mæting var á fundinn og var gaman að heyra skoðanir félagsmanna á þessum málum.

Stjórnin tók svo saman helstu atriði sem komu fram á fundinum og fór á fund nýverið með reiðveganefnd við sveitarstjóra um þessi mál.

Tveir félagar féllu frá á árinu 2025 og stóð félagið heiðursvörð við eina útför. Fundurinn minntist þeirra með mínútu þögn. Stjórnin vill koma á framfæri góðum árangri hjá ungum knapa í félaginu. Hún Kristín Gyða Einarsdóttir fékk inngöngu í verkefnið Hæfileikamótun LH. Færri komast að í verkefnið en vilja. Óskum við Kristínu Gyðu innilega til hamingju með að komast inn í hópinn og góðs gengis í þessu verkefni.

Meðal þess sem nefndirnar stóðu fyrir á árinu var: reiðskóli Sindra, firmakeppni og Hestaþing Sindra og Kóps, Sindraferð og nýjung var austur- og vesturreið (reiðtúrar), reiðvegaframkvæmdir. Sérstaklega gaman að sjá hvað það var góð þátttaka í nærri öllu sem Sindri stóð fyrir á síðasta ári, en var frekar dræm þátttaka í firmakeppninni þó nóg væri af áhorfendum.



Austurreið Hmf. Sindra 2025 - Við Gunnfaxes í leiðsögn Andrínu.

Stjórn Hmf. Sindra 2025-2026

Formaður: Þórdís Ingunn Björnsdóttir

Ritari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Gjaldkeri: Lára Oddsteinsdóttir

Meðstjórnandi: Sanne van Hezel

Meðstjórnandi: Sunna Wíium

Skýrslur aðildarféлага



Ungmennafélagið AS

Aðalfundur Ungmennafélagsins AS var haldinn 7. mars 2025.

Á aðalfundi var, auk hefðbundinna aðalfundarstarfa, rætt um starfið fram undan. Veittar voru tvær viðurkenningar: Hvatningarverðlaunin hlaut Signý Heiða Þormarsdóttir og efnilegasti íþróttamaðurinn var valinn Pétur Yngvi Davíðsson. Sjálfboðaliðar ársins 2025 voru valdir þeir Bjarni Bjarnason og Gunnar Erlendsson.

Stjórn Ungmennafélagsins AS 2025-2026 var kosin á aðalfundinum:

Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður
 Kristín Lárusdóttir, gjaldkeri
 Sæunn Káradóttir, ritari
 Gunnar Erlendsson, meðstjórnandi
 Bryndís Karen Pálsdóttir, meðstjórnandi
 Bjarni Dagur Bjarnason og Konný Sif Gottsveinsdóttir, varastjórnarmenn

Skoðunarmenn félagsins voru kosnir Sigmar Helgason og Sverrir Gíslason. Sigurður Sverrisson til vara.

Foreldranefnd var kosin: Gunnar Erlendsson formaður, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Bjarni Bjarnason, Pálmar Atli Jóhannesson og Rannveig Ólafsdóttir.

Íþróttanefnd var kosin: Guðmundur Ingi Arnarsson formaður, Bryndís Karen Pálsdóttir og Davíð Andri Agnarsson.

Aðrir fundir og störf stjórnar

Alls voru haldnir um 7 stjórnarfundir á starfsárinu. Auk töluverðra samskipta í lokuðum Facebook hóp stjórnarmanna, varastjórnarmanna og íþróttfulltrúa. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi UMFÁS hefur heldur betur sannað mikilvægi sitt fyrir UMFÁS og allt samfélagið. Það er boðið upp á íþróttir fyrir ALLA sem er mjög öflugt, þ.e. frá aldrinum 2 ára og alveg uppúr. Formaður og íþróttfulltrúi vinna mikið saman og í samráði.

Helstu störf formanns og stjórnar á árinu voru:

- Fulltrúar UMFÁS mættu á Ársþing USVS sem haldið var á Hótel Kötlu 25. apríl 2025. Einn félagsmaður okkar var tilnefndur efnilegasti íþróttamaður ársins 2024, Pétur Yngvi Davíðsson, og þrjú félagsmenn okkar voru tilnefndir sem íþróttamenn USVS 2024, Daníel Smári Björnsson, Sigurður Gísli Sverrisson og Ásgeir Örn Sverrisson. Bjarni Bjarnason og Gunnar Erlendsson voru tilnefndir sem sjálfboðaliðar ársins.
- Formaður mætti á ýmsa fundi fyrir hönd félagsins, bæði á netheimum og raunheimum. Má nefna: sambandsráðsfund USVS, HSK, ÍBV og svæðisfulltrúa Suðurlands á Hellu 14. nóvember 2025, samráðsfund USVS sem haldinn var 9. janúar 2026, fund með formanni USVS og formanni Umf. Kötlu 25. nóvember 2025 og formannafund USVS var haldinn á TEAMS 11. febrúar 2026.
- Formaður fundaði einnig með Íþróttanefnd UMFÁS og sveitarstjóra Skaftárhrepps varðandi endurnýjun á þjónustusamningi Skaftárhrepps og félagsins.
- Starfsskýrslu UMFÁS var skilað í kerfi ÍSÍ og UMFÍ í endann mars 2025.
- Sótt var um styrki á árinu og kom það í hlut Sigurðar Eyjólfs íþróttfulltrúa að sjá um það. Að venju var sótt um styrki í æskulýðssjóð USVS og fengum styrk upp á kr. 185.000 sem nýtist m.a. í karate- og fótboltastarf. Fengum einnig styrk til að halda körfuboltabúðir en því miður náðum við ekki að halda námskeiðið á síðasta ári en stefnt er að því á þessu ári. Fengum styrk úr íþróttasjóði RANNÍS til kaupa á frjálsíþróttabúnaði og er búið að kaupa inn t.d. hástökkdýnu og hástökksrá, kúluvarpskúllur í öllum þyngdarflokkum og innanhús kúluvarpsteyg.



Alltaf fjölbreytt og skemmtileg verkefni í íþróttaskólanum.

- Styrktaraðilar UMFÁS eru 10 alls og er síðasta ár samstarfssamnings runninn upp. Þessi fyrirtæki eru: Gvendarkjör, Systrakaffi, Maríubakki ehf., RR Tréverk, Hótel Klaustur, Hótel Laki, Stracta hótel, Digriklettur og Sláturfélag Suðurlands auk Skaftárhrepps. Við erum afskaplega þakklát fyrir þennan stuðning og nýttist hann mjög vel í öllu íþróttastarfi félagsins og þá sérstaklega fyrir æskuna okkar. Starfsmenn þessara fyrirtækja og sveitarfélagsins býðst að mæta á þær fullorðinsæfingar sem í boði eru á hverjum tíma og hefur það komið mjög vel út. Má nefna að nokkur fjöldi erlendra starfsmanna hafa nýtt sér þetta. Styrkirnir hafa komið sér gríðarlega vel. Hafa þeir verið nýttir til að hafa æfingagjöld í algeru lágmarki og boðið hefur verið upp á ýmis námskeið gjaldfrjáls fyrir iðkendur, t.d. klifurnámskeið og handboltanámskeið.

Viðburðir

Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur. UMFÁS sá um leiki og glens í Íþróttamiðstöðinni fyrir unga fólk og okkar og Kvenfélag Kirkjubæjarkrepps var með veglegt kaffihlaðborð að leikjum loknum í félagsheimilinu Kirkjuholi. Á eftir var frísbíggjuleppni en þátttakan var heldur dræm. Rúnar Smári Ragnarson var sigurvegari mótsins.

17. júní hátíð var haldin hátíðleg undir stjórn Velferðarnefndar Skaftárhrepps. UMFÁS seldi blöðrur, íslenska fánann og sælgæti fyrir skrudgönguna.

21. júní var vinnukvöld á íþróttavellinum Kleifum. Íþróttavöllurinn gerður tilbúinn fyrir sumarið. Það var fámennt en góðmennt og að vanda endað á að næra sig á grilluðum pylsum og meðlæti.

Gamlárhlaup var haldið á gamlársmorgun og var þátttaka góð.

Lífshlaupið var haldið í febrúar síðastliðinn og var þátttaka þokkaleg í Skaftárhreppi. Krakkarnir í Kirkjubæjarskóla voru í 7. sæti í sínum flokki og 60+ var í þriðja sæti yfir flestar mínútur og fimmta sæti með mestann fjölda daga.



Karatesýning í máí.

Íþróttastarf UMFÁS

Markmið Ungmennafélagsins AS er að bjóða upp á hreyfingu fyrir alla. Mest áhersla er lögð á íþróttæfingar barna og unglinga. Jafnframt reynir félagið að bjóða upp á hreyfingu fyrir fullorðna, 60+ aldurshópin og fyrir 2 – 5 ára börn. Það sem boðið er upp á fer eftir því hvaða einstaklingar hafa tök á að taka að sér þjálfun á hverjum tíma. Í upphafi hverrar annar eru æfingar opnar fyrir alla iðkendur til að kveikja neistann og að viðkomandi skrái sig á viðkomandi æfingar.

Til að halda utan um skráningar, æfingagjöld og viðburði notar félagið ABLER. Snilldartaeki fyrir þá sem halda utan um starfið og einnig fyrir iðkendur og foreldra. Viljum því hvetja ALLA foreldra til að sækja appið og hafa í símanum sínum til að geta fylgst með viðburðum, æfingum, skráð barnið sitt og komið skilaboðum til þjálfara. Það skiptir máli.

Í sumar var boðið upp á frjálsar íþróttir, fótbolta, körfubolta og strandblak. Þjálfarar voru Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, Sigurður Gísli Sverrisson, Ásgeir Örn Sverrisson, Bryndís Karen Pálsdóttir og Fanney Ólöf Lárusdóttir. Einnig voru skipulagðir sex göngutúrar víðsvegar í Skaftárhreppi. Gefin var út veglegur bæklingur um íþróttæfingar, göngutúrana og viðburði sumarsins sem Sigurður Eyjólfur sá um að gera. Tókst það mjög vel til. Þátttaka í göngutúrunum var gríðarlega góð. Fengnir voru leiðsögumenn úr nærumhverfi og viljum við þakka þeim kærlega fyrir frábærar móttökur. Þetta var skemmtilegt og upplýsandi og þarf endilega að halda þessu áfram.

Á haustönn 2025 og vorönn 2026 var boðið upp á frjálsar íþróttir, trampólínæfingar, körfubolta, fótbolta og karate fyrir 1. – 10. bekk. Þjálfarar eru Gunnar Erlendsson karate, Þorsteinn Valur Thorarensen körfubolti og Katarzyna Korolczuk trampólín. Stefán Guðjónsson sá um fótbolta, frjálsar og körfubolta fyrir yngsta hópin á haustönn. Á vorönn sjá Guðmundur Ingi Arnarson og Pálmar Atli Jóhannesson um fótboltann og Rannveig Ólafsdóttir og Fanney Ólöf Lárusdóttir um frjálsar íþróttir.

ALLIR MEÐ verkefnið fyrir 1.- 4. bekk hefur verið í gangi í nokkur ár. Á vorönn 2026 var ákveðið að útvíkka verkefnið og er núna öllum nemendum Kirkjubæjarskóla í 1. – 10. bekk boðið upp á eina gjaldfrjálsa íþróttæfingu í viku.

Íþróttaskóli fyrir 2 – 5 ára börn er í boði á vorönn 2026 í átta skipti. Fanney Ólöf hefur umsjón með honum.

60+ hreyfing fór af stað á haustönn 2025 í október og hefur haldið áfram á vorönn 2026. Í dag er boðið upp á boccia/pokavarp einu sinni í viku og sund tvisvar í viku.



Slökkviliðið kom í heimsókn á leikjanámskeiðið.

Íþróttæfingar fyrir fullorðna hafa verið í boði bæði á haustönn 2025 og vorönn 2026. Það sem í boði er blak, fótbolti, körfubolti og ringó. Þátttaka er yfirleitt mjög vel viðunandi og er það von okkar að þessar æfingar eigi bara eftir eflast.

Í vetur hefur verið boðið upp á líkamsrækt og styrktaræfingar og þjálfarar eru Katarzyna Korolczuk og Sólrún Ósk Jónsdóttir. Á vorönn 2026 hefur verið jóga þar sem Sólrún Ósk er þjálfari. Þátttaka hefur verið góð á þessum námskeiðum.

Helgarnámskeið í karate var haldið í október 2025. Að vanda koma Gunnlaugur Sigurðsson yfirþjálfari Hauka í karate til okkar. Stefnan er að hann komi einnig nk. vor. Mikil hvatning og upplýfting fyrir karatestarfið að fá Gunnlaug.

Boðið var upp á tveggja vikna leikjanámskeið sumar 2025 fyrir börn fædd 2016-2019. Mjög góð þátttaka og margt brallað. Sigurður Eyjólfur sá um námskeiðið og Kjartan Valur, Pétur Yngvi og Signý Heiða voru honum til aðstoðar.

Boðið var upp á klifurnámskeið í desember í samstarfi við Kirkjubæjarskóla og var námskeiðið á skólatíma. Það var vel sótt og voru kennarar frá Arctic Adventures.

Handboltanámskeið var haldið í janúar 2026 í tilefni af EM í handbolta karla. Við fengum Örn Þrastarson þjálfara hjá handboltadeild Selfoss til okkar. Hann var með námskeið á skólatíma fyrir 1. – 4. bekk og eftir skóla fyrir 5. – 10. bekk. Sæunn Káradóttir og Fanney Ólöf sáu um seinni daginn sem endaði á að horfa á landsleik (Ísland vs. Ítalía) og pizzapartý sem foreldraráð UMFÁS sá um. Þátttaka var mjög góð.

Þátttaka á mótum og hópeflis- og æfingaferðir

- Smábæjaleikar í fótbolta á Blönduósi í júní: Þátttakan var mjög góð frá UMFÁS og tókst vel.
- Héraðsmót USVS var haldið þriðjudaginn 19. ágúst en því miður var þátttaka frá UMFÁS frekar lítil. Tímasetning hentar frekar illa þar sem foreldrar eru í vinnu og komast ekki.
- Hefðbundnu innanhúsmót USVS voru haldin á vorönn 2025 í fótbolta, körfubolta og frjálsum. UMFÁS sá um körfuboltamótið, nágrönnum okkar í vestri, var boðin þátttaka og var þátttakan mjög góð. Það voru engin mót á haustönn 2025 og frjálsíþróttamót á Klaustri var haldið 14. febrúar síðastliðinn og það var met þátttaka. Framundan eru svo bæði innanhús mót í körfubolta fyrir unga (18. apríl) og fullorðna (Móðuharðindin) 28. mars nk. Fótboltamót USVS var haldið 22. mars síðastliðinn á Klaustri og tókst mjög vel.
- Í apríl 2025 var haldið körfuboltamót fullorðinna, Móðuharðindin. Góð þátttaka var og stóðu ungir ÁSAR uppi sem sigurvegarar, aftur.
- Knattspyrnu- og skákskólinn í Vík var haldinn í júní og gríðarlega góð þátttaka þar.
- Moli frá KSÍ mætti í heimsókn í júní og var með fótboltaæfingu með Sigurði Eyjólf.
- Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um Verslunarmannahelgi og áttum við þó nokkra keppendur þar sem stóðu sig með mikilli þrýði. Keppendur stóðu sig vel hvort sem var innan vallar eða utan og er það glæsilegt. Frábær fjölskylduskemmtun.
- Félagið átti fulltrúa á Silfurleikum ÍR í frjálsum íþróttum í haust 2025.
- Körfuboltastarfið heldur áfram að eflast. UMFÁS hefur verið með lið á nokkrum körfuboltamótum.
- Lokahóf: Eftir hverja önn eru haldin lokahóf og gert eitthvað óhefðbundið og er það góður siður sem vert er að halda í. Félagið hefur stundum gefið iðkendum glaðning á lokahófum. Í janúar heimsótti formaður nemendur Kirkjubæjarskóla og gaf öllum buff með merki félagsins.



Líf og fjör á handboltanámskeiði.



Frábær þátttaka var í göngum sumarsins.

Annað

- Heimasíða félagsins var tekin í notkun á árinu 2023, www.umfás.is. Hún er ágætlega virk og hvet ég alla til að heimsækja hana oft.
- Stjórn og þjálfarar reyna að nota samfélagsmiðla til að koma upplýsingum til foreldra og iðkenda, svo sem á heimasíðunni og á Facebook síðu UMFÁS. Einnig er félagið með lokaða hópa á Facebook fyrir foreldra og iðkendur um íþróttæfingar og Íþróttaskólann. Aðrir er einnig mikilvægur miðlari upplýsinga til iðkenda og foreldra.
- Vefforritið og appið Abler var tekið í notkun eftir áramót 2021/2022. Þar eru námskeið/æfingar settar inn, hægt er að skrá iðkendur á námskeið/æfingar og ganga frá greiðslum fyrir þátttökugjöld. Aðrir nýtist vel fyrir stjórnendur félagsins, iðkendur, foreldra og þjálfara. Það er því mjög mikilvægt að allir, þ.e. þjálfarar, BÁÐIR foreldrar/forráðamenn og iðkendur tileinki sér að nota Abler.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Skaftárhrepps hætti störfum hjá okkur á síðasta ári og hóf nám við Háskólann á Akureyri. Ungmennafélagið ÁS vill þakka Sigurði fyrir vel unnin störf fyrir Ungmennafélagið ÁS.
- Á haustmánuðum var Stefán Guðjónsson ráðinn sem íþróttafulltrúi og umsjónarmaður íþróttamannvirkja hjá Skaftárhreppi. Hann starfaði fyrir UMFÁS við þjálfun í haust og skipulagsvinnu en fór í veikindaleyfi um miðjan janúar og er það enn.
- Samstarfssamningur Skaftárhrepps og Ungmennafélagsins ÁS rann út um síðustu áramót og var undirritaður nýr samningur með breyttum áherslum á aðalfundi UMFÁS sem haldinn var 6. mars 2026. Samningurinn mun gilda út árið 2029.

Að lokum

Ég vil að lokum þakka stjórn fyrir gott samstarf. Það er ómetanlegt að hafa gott fólk til að halda uppi íþróttastarfi og viðburðum og þá fyrir ALLA. Ég vil svo sérstaklega þakka Sigurði Eyjólfu fyrir gott starf. Ég er mjög ánægð og stolt af okkar góðu þjálfurum og það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að hafa aðgang að þessum áhugasömu þjálfurum okkar. Það er mikil vinna að halda uppi góðu íþróttastarfi og það gerist ekki nema með þjálfurum, iðkendum og skipuleggjendum. Stuðningur og hvatning foreldra við ungu iðkendurna okkar er líka gríðarlega mikilvæg og með samtakamætti okkar allra tekst að halda uppi góðu íþróttalífi.

Kirkjubæjarklaustri, 6. mars 2026
F.h. Ungmennafélagsins ÁS
Fanney Ólöf Lárusdóttir, formaður



Frábær þátttaka var á Móðuharðindunum, körfuboltamóti UMFÁS í fullorðinsflokki.

Skýrslur aðildarféлага



Ungmennafélagið Katla

**17. aðalfundur UMF Kötlu var haldinn á Hótel Kötlu
2. apríl 2025.**

Aðalfundurinn kaus nýja stjórn félagsins sem skipuð var:

Sara Lind Kristinsdóttir, formaður
Óðinn Gíslason, varaformaður
Kristrún Friðsemd Sveinsdóttir, gjaldkeri
Guðlaug Lilja Sævarsdóttir, ritari
Sveinn Ólafur Lárusson, meðstjórnandi

Auk varamanna sem einnig voru kjörnir á fundinum; Þórdís Erla Ólafsdóttir Dýrfjörð og Kristina Hajniková.

Á fundinum voru einnig veittar viðurkenningar fyrir íþróttaárið 2024.

- Bjartasta vonin 2024: Hafdís Hanna Bjarkadóttir
- Efnilegasti íþróttamaðurinn 2024: Ingólfur Atlason Waagfjörð
- Íþróttamaður ársins 2024: Egill Atlason Waagfjörð
- Sif hlaut Fyrirmyndarbikar UMF Kötlu sem viðurkenningu fyrir ómetanlegt framlag til félagsins undanfarin ár.

Fundinum lauk á skemmtilegum nótum með veitingum og bingói.

Stjórnin var virk í sínu starfi á starfsárinu og hélt sex stjórnarfundi, auk reglulegra samskipta í lokuðum Facebook-hópi stjórnarmanna.

55. ársþing USVS fór fram á Hótel Kötlu þann 25. apríl 2025. Fimm fulltrúar UMF Kötlu sátu á þinginu. Á þinginu var Egill Atlason Waagfjörð frá UMF Kötlu kjörinn íþróttamaður ársins hjá USVS og Ingólfur Atlason Waagfjörð hlaut titilinn efnilegasti íþróttamaður ársins hjá USVS.

Íþróttastarf á árinu

Árið 2025 var afar öflugt og viðburðaríkt starfsár hjá Ungmennafélaginu Kötlu. Starf félagsins var fjölbreytt og náði til barna, ungmenna og fullorðinna.

Til að halda utan um skráningar, æfingagjöld og viðburði notar félagið skráningakerfið ABLER.



Hitað upp fyrir körfuboltamót í Vík.

Vorönn hófst með miklum krafti í byrjun janúar og boðið var upp á körfubolta, fótbolta og frjálsar íþróttir fyrir börn og ungmenni. Fyrir fullorðna var badminton í boði.

Á vormánuðum stóð UMF Katla fyrir grunnsámskeiði í Brazilian Jiu Jitsu fyrir börn og ungmenni í samstarfi við glímudeild VBC í Kópavogi.

Í júní hófust sumaræfingar og skráning í sumarstarf UMF Kötlu. Samhliða þessu bauð Mýrdalshreppur upp á leikjanámskeið fyrir börn í 1.-4. bekk, sem var markvisst fléttað inn í íþróttastarf félagsins. Í tengslum við leikjanámskeiðið bauð UMF Katla upp á sundnámskeið fyrir sama aldurshóp, auk frjálsra íþrótta, og var þannig skapaður heildstæður rammi utan um frístunda- og íþróttaiðkun barna yfir sumartímann.



Allir fengu Kötlu derhúfur að gjöf.

Skák- og knattspyrnuskóli fyrir iðkendur innan USVS var einnig haldinn í júní, Sveinbjörn Ásgrímsson sá um skólann ásamt Sigurði Eyjólfí og Adam, knattspyrnuþjálfurum. Skólinn var afar vel sóttur. Þá var boðið upp á sameiginlegar fótboltaæfingar með Ungmennafélaginu ÁS og sumarstarf í frjálsum íþróttum.

UMF Katla hélt tveggja daga sumarnámskeið í skotíþróttum fyrir 11–16 ára í samstarfi við Skotíþróttafélagið Skyttur. Námskeiðið fór fram í íþróttahúsinu í Vík undir leiðsögn Magnúsar Ragnarssonar. Þátttakendur fengu fræðslu og þjálfun í meðferð laserbyssu með áherslu á einbeitingu, nákvæmni og líkamsstöðu. Námskeiðið var vel sótt og vakti mikinn áhuga. Ungmennafélagið þakkar Skotíþróttafélaginu Skyttum kærlega fyrir lán á búnaði og faglega þjálfun.

Vestur-Skaftfellingar (sameiginleg lið frá UMF Kötlu og UMF Ás) tóku þátt í Smábæjaleikunum á Blönduósi 14.–15. júní. 5. flokkur náði frábærum árangri og tryggði sér silfurverðlaun eftir harða keppni. 6. flokkur hafnaði í 7. sæti af 12 liðum. Í fyrsta sinn kepptu tvö lið frá USVS í 7. flokki, þar sem liðin enduðu í 4. og 7. sæti. Virkilega góð þátttaka frá USVS og margir iðkendur voru að keppa í fyrsta sinn.

Meistaramót Íslands 11–14 ára og 15–22 ára fóru fram í júní þar sem iðkendur UMF Kötlu stóðu sig afar vel og sýndu miklar framfarir. Nánar er fjallað um árangur þeirra í kaflanum um frjálsar íþróttir. Að vanda kom Moli frá KSÍ heimsótti okkur í byrjun júní og hélt fótboltaæfingu.

Í júlí bárust gleðifréttir af því að Andri Berg Jóhannsson var valinn í landslið Íslands í mótorkross og Egill Atlason Waagfjörð í landsliðsverkefni í þrístökki fyrir Norðurlandamót U20.

Stór og vaskur hópur fór með USVS á Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Iðkendur stóðu sig frábærlega í knattspyrnu, frjálsum íþróttum, körfubolta, kökuskreytingum og öðrum greinum.

Héraðsmót USVS var haldið á íþróttavellinum í Vík í ágúst og fyrir mótið var haldinn vinnudagur á vellinum sem tókst vel enda margir sjálfboðaliðar sem lögðu til vinnu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Æfingar á haustönn hófust svo af fullum krafti í byrjun september. Í tímatöflu haustannar var boðið upp á frjálsar íþróttir, körfubolta og badminton fyrir börn og ungmenni en körfubolta, badminton og blak fyrir fullorðna.

Í október fór fram samæfing í frjálsum íþróttum með UMF Heklu í Lindex-höllinni á Selfossi þar sem iðkendur í 5.-10. bekk fóru á æfingu og í pizzaveislu að henni lokinni. Þökkum UMF Heklu fyrir gott samstarf.

Í nóvember hófst íþróttaskóli 3-5 ára með frábærri þátttöku en 20 börn eru skráð. Guðrún Lilja er þjálfari íþróttaskólans og hefur hún haldið einstaklega vel utan um hann.

Starf einstakra greina

Íþróttastarf félagsins var fjölbreytt og öflugt á árinu 2025. Hér á eftir er gerð grein fyrir starfsemi einstakra greina, þátttöku, verkefnum og helstu áherslum á starfsárinu.

Körfubolti

Starfið í körfubolta hefur vaxið hratt undanfarið. Það er æft í þremur aldurshópum undir stjórn Fannars og Möggu. Á árinu tóku iðkendur m.a. þátt í mótum á Hvolsvelli og á Kirkjubæjarklaustri. Þá fór fram æsispennandi körfuboltaleikur á vormánuðum; Ungir á móti eldri þar sem iðkendur í 5.-7. bekk skoruðu á foreldra sína. Það þarf varla að taka það fram að iðkendur höfðu betur gegn foreldrum sínum. Kötlumótið í körfubolta fór í október 2025 og var mótið fyrir 1.-6. bekk og var nágrönnum boðið úr austri og vestri. Á haustönn hófust jafnframt körfuboltaæfingar hjá konum og körlum. Mikill áhugi er á áframhaldandi þátttöku hjá bæði kvenna- og karlaliði. Það verður virkilega spennandi að fylgjast með framhaldi körfuboltastarfsins. Við viljum þakka Margréti og Fannari fyrir frábært utanumhald á körfuboltastarfinu og þjálfun.

Knattspyrna

Adam sá um þjálfun í þremur aldurshópum og var þátttaka ágæt fram að hausti. Adam var í góðu samstarfi við Sigurð Eyjólf sem þá starfaði hjá UMF ÁS og héldu þeir meðal annars úti sameiginlegum fótboltaæfingum félaganna hluta af sumrinu auk þess að fara með keppendur USVS á Smábæjaleikana á Blönduósi. Þakkir fá Adam og Siggí fyrir utanumhald knattspyrnunnar árið 2025.

Mótorkross

Á árinu átti Katla tvo iðkendur í mótorkrossi, þá Bjarna Stein Vigfússon og Andra Berg Jóhannsson. Andri átti afar gott keppnisár og tók þátt í öllum sex umferðum Íslandsmótsins í 125 cc flokki.

Þar sem hann hafnaði í 2. sæti í heildarkeppni. Hann tók einnig þátt í enduro-móti sem haldið var í Vík, þar sem hann náði 3. sæti í sínum flokki og 6. sæti í heildarkeppni. Þá var Andri valinn í landslið Íslands og keppti á alþjóðlegu mótinu Coupe de l'Avenir í Belgíu, þar sem hann öðlaðist dýrmæta reynslu og stóð sig vel við krefjandi aðstæður.



Keppendur á minningarmóti um Pálma Kristjánsson.

Badminton

Badminton fullorðna hefur verið vinsælt síðustu ár og voru æfingar þrisvar sinnum í viku. Þess má geta að Guðrún Lilja er nýorðinn þjálfari í greininni og undirbúningur fyrir barnastarf í badminton fyrir vorönn 2026 hófst í lok árs. Badmintonhópurinn skipulagði badmintonmótið Vor í Vík með miklum sóma. Mótið var jafnframt minningarmót um Pálma Kristjánsson. Keppt var í tvíliða og einliða leikjum og var mótið vel sótt.

Blak

Blak fullorðna hófst á haustönn 2025 með góðri þátttöku.

Frjálsar íþróttir

Frjálsíþróttastarf UMF Kötlu hefur vaxið hratt undanfarin ár, með sífellt fleiri iðkendum sem taka þátt. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að sjá framfarir krakkanna og hvernig þau hafa eflst í íþróttinni. Á vorönn og sumarönn sáu þjálfararnir Sara Lind, Katrín Waagfjörð og Egill Waagfjörð um þjálfun og fylgdu iðkendum á ýmis mót og viðburði því tengdu. Guðlaug Lilja Sævarsdóttir bættist svo í þjálfarateymið á haustönn. Félagið átti keppendur á Meistaramóti Íslands 11-14 ára, bæði innanhúss og utandyra, Meistaramóti Íslands 15-22 ára, innanhúss og utanhúss. Þá sóttu keppendur UMF Kötlu Silfurleika ÍR og Stórmóti ÍR auk fleiri móta. Árið einkenndist af persónulegum bætingum, héraðsmetum og góðri þátttöku. Egill Atlason Waagfjörð keppti á Reykjavíkurlaikunum (RIG) í janúar, í frjálsum íþróttum og var jafnframt fyrst keppandi frá félaginu á þessu móti. Í febrúar vann hann til silfurverðlauna í þrístökki á Meistaramóti Íslands innanhúss og á Meistaramóti Íslands 15-22 ára utanhúss varð Egill Íslandsmeistari í langstökki og þrístökki pílta 18-19 ára.

Freyja Dögg Atladóttir Waagfjörð varð Íslandsmeistari í fjölþraut 12 ára stúlkna á Meistaramóti Íslands 11-14 ára utanhúss og sló jafnframt héraðsmet í 400 m hlaupi 12 ára stúlkna. Ingólfur Atlason Waagfjörð setti fjölmörg héraðsmet í hlaupum bæði innan- og utanhúss, m.a. í 600 m, 300 m og 80 m í nokkrum aldursflokkum, auk þess að setja héraðsmet í þrístökki 14 ára pílta. Þá vann Sigrún Ólafía Pálsdóttir til silfurverðlauna í fjölþraut stúlkna 11 ára á Meistaramóti Íslands utanhúss. Á sama móti náði UMF Katla glæsilegum árangri í stigakeppni þar sem félagið hafnaði í 2. sæti í flokki 12 ára stúlkna og í 3. sæti í flokki 11 ára stúlkna.

Íþróttaskóli 3-5 ára

Íþróttaskóli fyrir 3-5 ára börn hófst í nóvember undir stjórn Guðrúnar Lilju Dam Guðrúnardóttur. Þátttaka var mjög góð og verkefnið fékk afar jákvæðar viðtökur. Markmið íþróttaskólans er að efla hreyfifærni, leikgleði og félagsfærni yngstu iðkenda í öruggu og uppbyggilegu umhverfi.



Mikið líf og fjör í íþróttaskólanum!

Viðburðir á árinu

Á árinu tók Katla þátt í hefðbundnum innanhúsmótum USVS í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Líkt og áður kom fram hélt UMF Katla badmintonmót á vormánuðum og Kötlumót í körfubolta 1-6. bekk á haustmánuðum. Í maí var haldinn vinnudagur á íþróttavellinum þar sem um fjórði tugur sjálfboðaliða mætti og lagði hönd á plóg, fullorðnir sem börn. Annar vinnudagur var svo haldinn í ágúst fyrir héraðsmót USVS. Páskaeggjaleikurinn var á sínum stað eins og undanfarin ár. Hann var haldinn í samstarfi við Kvenfélögin í Mýrdalshreppi og Krónuna.

Sérstakar þakkir fær Þórdís Erla fyrir skipulagningu og utanumhald. Mýrdalshlaupið var haldið í maí, og voru nokkrir aðilar sem lögðu fram sína vinnu fyrir hönd Kötlu sem fékk greiðslu fyrir þátttöku. Umgjörð hlaupsins var til fyrirmyndar, og það var sérstaklega gaman að sjá hve margir Mýrdælingar tóku þátt. Sérstakar þakkir fá sjálfboðaliðar UMF Kötlu fyrir þeirra framlag. Lokahóf vorannar fór fram á Syngjandanum í lok maí þar sem öllum iðkendum var boðið. Farið var í leiki, pylsur grillaðar og fengu iðkendur derhúfu að gjöf merka félaginu. Sérstakar þakkir til skemmtinefndar, foreldra og þjálfara sem stóðu að lokahófinu.

Ungmennafélagið Katla stóð fyrir 17. júní hátíðarhöldum í Vík með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla aldurshópa. Hátíðarhöldin voru vel heppnuð og naut góðrar þátttöku íbúa og gesta.

Ungmennafélagið Katla þakkar sjálfboðaliðum og styrktaraðilum kærlega fyrir sitt framlag og er þar sveitarstjórn Mýrdalshrepps og sveitarstjóri ekki undanskilin en þau lögðu það á sig fyrir félagið að láta kasta í sig rjómatertum. Vakti það mikla lukki meðal gesta.

Ungmennafélagið Katla lagði sérstaka áherslu á fjölmenningu og hélt í nóvember námskeið um inngildingu í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Námskeiðið var haldið af Sema Erla Serdaroglu, aðjúnkt í tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands, í samstarfi við Æskulýðsvettvanginn. Þátttakendur fengu bæði fræðilega og hagnýta innsýn í hvernig skapa má inngildandi umhverfi fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna. Auk stjórnar og þjálfara UMF Kötlu tóku kennarar og starfsfólk Víkurskóla, Leikskólans Mánalands, Tónskóla Mýrdalshrepps og prestur Víkurkirkju þátt. Verkefnið var styrkt af Hvatasjóði Íþróttahreyfingarinnar og markar mikilvægt skref í áframhaldandi inngildingarstarfi félagsins.

Lokahóf haustannar fór fram í desember á Smiðjunni þar sem iðkendum var boðið í kvöldmat, spurningakeppni, leiki og jólaglaðning.

Styrkir og stuðningur á starfsárinu

Mýrdalshreppur er í lykilhlutverki sem aðalstyrktaraðili Ungmennafélagsins Kötlu og styður með því markvisst við íþrótt- og félagsstarf barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Undir lok árs 2025 hófst vinna við endurnýjun samstarfssamnings Ungmennafélagsins Kötlu og Mýrdalshrepps. Samningurinn var samþykktur í sveitarstjórn í upphafi árs 2026.

Á árinu sótti UMF KATLA um styrki í Æskulýðssjóð USVS og fékk úthlutað 185.000 kr til að styðja við fjölbreytt íþróttastarf hjá félaginu.

Katla sótti einnig um styrk í Hvatasjóði ÍSí fyrir verkefninu íþróttaskóli fyrir 3-5 ára í Mýrdalshreppi með áherslu á inngildingu barna óháð efnahag og uppruna. Félagið fékk úthlutað kr. 1.000.000 fyrir verkefninu sem fór af stað í nóvember 2025. Styrkurinn felst meðal annars í þjálfarakostnaði, búnaðarkaupum, námskeiði um fjölmenningu og inngildinu í íþrótt- og æskulýðsstarfi ásamt fleiru.

Í lok sumars fékk UMF Katla veglega peningagjöf að upphæð 700.000 króna, sem var ágóði af sölu vinaarmbanda til minningar um Pálma Kristjánsson. Við viljum færa okkar innilegustu þakkir til fjölskyldu Pálma fyrir þessa hlýju og rausnarlegu gjöf. Pálmi var sjálfur stór og mikilvægur hluti af starfi félagsins um árabíl. Framlag hans lifir áfram í starfi félagsins og við minnumst hans með þakklæti og virðingu. Félagið hefur átt í góðu samstarfi við fjölmörg fyrirtæki í Mýrdalshreppi sem hafa stutt Kötlu með rausnarlegum fjárframlögum, efnislegum gjöfum eða þjónustu. Þessi stuðningur er ómetanlegur og gerir félaginu kleift að halda úti fjölbreyttri og metnaðarfullri íþróttastarfsemi. Þessi velvilji skapar traustan grunn fyrir öflugt íþróttalíf í sveitarfélaginu. Á starfsárinu var ýmis búnaður endurnýjaður fyrir fótbolta, körfubolta og frjálssar íþróttir. Þá var keyptur sérstakur búnaður fyrir íþróttaskóla yngstu iðkenda.



Flottir keppendur UMF Kötlu mætt á mót!

Lokaorð

Stjórn UMF Kötlu vill þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðastliðnu ári. Sérstakar þakkir fá þjálfarar okkar sem leggja grunn að jákvæðu, uppbyggilegu og faglegu íþróttastarfi. Jafnframt viljum við þakka fyrir afar gott samstarf við Mýrdalshrepp, Grunnskóla Mýrdalshrepps, áhaldahús Mýrdalshrepps, USVS, Ungmennafélagið ÁS, íþrótt- og tómsundafulltrúa Mýrdalshrepps, svæðisfulltrúa ÍSí/UMFÍ og aðra samstarfsaðila, sem og fyrirtæki í Mýrdalshreppi sem styðja félagið á einn eða annan hátt. Að lokum viljum við færa foreldrum, forráðamönnum og sjálfboðaliðum sérstakar þakkir. Stuðningur þeirra, þátttaka og jákvæðni er ómetanleg og grundvöllur þess að hægt sé að halda úti öflugum, öruggum og samheldnum íþrótt- og félagsstarfi. Við hlökkum til spennandi íþróttarárs sem framundan er með áframhaldandi starfsemi og nýjum verkefnum.

Fyrir hönd stjórnar UMF Kötlu
Sara Lind Kristinsdóttir, formaður



Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað 21. júní 1970

Aðildarfélög USVS:

